



Ársskýrsla 2021 – 2022

Stjórnandi Litlu Lúðró **Martin Markvoll**
Stjórnandi Stóru Lúðró **Anastasia Kiakhidi**
Stjórnandi Víkingasveitarinnar **Anastasia Kiakhidi**

Litla Lúðró

Þverflauta	Gerður Nönnu Hjaltadóttir
Klarinett	Eyborg María Bergmann
Bassaklarinett	Jón Dagur Jónsson
Kornett	Astrid Nóra Franch Birna Maren Dagsdóttir (byrjaði e. áramót) Davíð Ágúst Árnason Valentina Cara Eyþórsdóttir Wojciech Ryszard Kowalski (byrjaði e. áramót)
Barítónhorn	Arnar Rafnsson (hætti e. áramót)
Píanó	Ingibjörg Sesselja Jónsdóttir
Ukulele	Norbert Krystian Lukasik (byrjaði e. áramót)
Rafbassi	Hákon Rúnar Hólmgeirsson
Slagverk	Almar Patryksson (byrjaði í nóvember) Baltasar Kúld Arnórsson (hætti e. áramót) Salka Emilsdóttir
Klukkuspil	Kristín Edda Stefánsdóttir

Þeir sem hættu í Litlu Lúðró fyrir þennan vetur

Ylfa Elísabet Jónsdóttir (hætt í trommunámi)
Þórir Már Kárasón (hættur í trommunámi)

Stóra Lúðró

Þverflauta	Hera Guðrún Ragnarsdóttir Hugrún María Hólmgeirsdóttir
Klarinett	Þorvarður Daníel Einarsson Brynja Rún Rúnarsdóttir
Altsaxófónn	Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir
Kornett/Trompet	Bence Petö Helena María Ægisdóttir Igor Mikolaj Kowalski Kristofer Dean Campbell Stefanía Klara Jóhannsdóttir
Franskt horn	-
Básúna	Gergö Petö
Túba/ Básúna	Hjalti Jóhann Helgason
Píanó/Klukkuspil	Jóhanna María Ægisdóttir
Ukulele	Brynja Thorlacius
Rafbassi/ Slagverk	Ívar Leó Hauksson Ágústa Arnþórsdóttir
Slagverk	Arnar Franz Hauksson Aron Elvar Stefánsson (hætti e. áramót) Magnús Ingi Sigfússon

Víkingasveit

Þverflauta	Hera Guðrún Ragnarsdóttir
Altsaxófónn	Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir
Kornett/Trompet	Bence Petö Helena María Ægisdóttir Stefanía Klara Jóhannsdóttir
Franskt horn	-
Básúna	Gergö Petö
Túba/ Básúna	Hjalti Jóhann Helgason
Píanó/Klukkuspil	Jóhanna María Ægisdóttir
Rafbassi	Ágústa Arnþórsdóttir
Slagverk	Ívar Leó Hauksson

Þeir sem hættu í Stóru Lúðró haustið 2021

Sesselja Arnþórsdóttir og Kristbjörg María Álfgeirsdóttir fóru úr Milli-Lúðró en byrjuðu ekki í Stóru Lúðró.

Ný hljóðfæri

Á þessu ári voru keypt Jupiter þverflauta, Thomann kornett, franskt horn, barítónhorn og básúnu.

Foreldrafélag

Anna Hallgrímsdóttir, Edda Baldursdóttir, Steinunn María Þórsdóttir og Þórný Alda Baldursdóttir voru áfram í stjórn. Elín Elísabet Hallfreðsdóttir, Ásdís Árnadóttir, Jóna Gréta Guðmundsdóttir og Hafrún Brá Hafsteinsdóttir bættust í hópinn í haust. Starf foreldrafélagsins var hefðbundið á þessu ári; haldið var utan um æfingabúðir, fjáröflun og búningamál.

Starfsárið 2021 - 2022

- 8. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró
9. september Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró og Víkingasveit

23. október – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró og Víkingasveit
Laugardaginn 23. október voru hefðbundnar æfingabúðir.

13. nóvember – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró
Laugardaginn 13. nóvember voru hefðbundnir æfingabúðir hjá Litlu Lúðró. Kennarar voru Martin, Anastasia, Hólmgeir og Kristjón.

18. nóvember – Hausttónleikar á YouTube
Fimmtudaginn 18. nóvember voru hausttónleikar streymdir á YouTube frá Tónlistarskólanum. Martin og László sáu um að taka upp á iPad og streyma í gegnum YouTube-rás Stykkishólmskirkju. Kynnir var Kristjón. Litla Lúðró spilaði *Rokk*, *Trúðadans*, *Stígvélalagið*, *Erie Canal Capers* og *Sultublús*. Stóra Lúðró spilaði *Circle of life*, *Hey Jude* og *Katusha*. Víkingasveitin spilaði *Music from Pirates of the Caribbean* og *Tequila*.

17. desember – Jólatónlistarmyndbönd
Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að halda hátíðartónleika í kirkjunni á þessu ári. Í staðinn var ákveðið að taka upp tónlistarmyndbönd þar sem lúðrasveitin spilaði nokkur jólalög – af sjálfsögðu í jólapeysu og með jólasveinahúfu. Litla Lúðró spilaði *Bráðum koma blessuð jólin*, en Stóra Lúðró spilaði *Rudolph the Red-Nosed Reindeer* og Víkingasveitin spilaði *Snjókorn falla*.

24. mars – Litlu Lúðró á Júlíönuhátíð
Fimmtudagskvöld var Júlíönuhátíð 2022 sett í Stykkishólmskirkju kl. 20:00. Litla Lúðró spilaði fjögur lög: *Rokk*, *Big Big World*, *Erie Canal Capers* og *Sultublús*.

25.-26. mars – Æfingaferð til Reykjavíkur

Stóra Lúðró og Víkingasveit fóru til Reykjavíkur og æfðu í þrjá daga í tónlistarskóla í Grafavogi. Fyrir utan opinberar æfingar æfðu strákarnir sín eigin lög á kvöldin.

Auk æfinga fór hópurinn í bíó, sund og á pítsustað. Foreldrarnir Hafrún Brá Hafsteinsdóttir og Þórný Alda Baldursdóttir elduðu mat fyrir börnin og fylgdu hópnum alls staðar.

22. apríl – Æfingabúðir Litlu Lúðró

Á föstudegi var æft í tónlistarskólanum frá kl. 16-18. Fyrst voru hópæfingar þar sem Anastasia, Haffi, Hólmgeir og Martin kenndu, síðan var samæfing. Eftir æfingu var pítsuveislu í salnum.

23. apríl – Dagsferð í Borgarnes, Litla Lúðró

Á laugardag var farið í rútuferð í Borgarnes. 11 félagar úr Litlu Lúðró komu með. Sigrún Erla Eyjólfssdóttir og Þórhildur Eypórsdóttir voru fararstjórar. Guðmundur Hinriksson var rútuþjálfi. Anastasia og Martin komu líka með. Fyrst var borðaður hádegismatur á Grillhúsinu. Eftir það var farið í sund og svo var borðaður ís í ísbúðinni Huppu. Að lokum var farið í Englendingavík og á Bjössaróló. Lagt var af stað kl. 10 og komið heim kl. 18.

12. maí – Vortónleikar í félagsheimilinu á Skildi

Fimmtudaginn 12. maí voru haldnir vortónleikar í *Félagsheimilinu Skildi* kl. 18. Helgafellssveit og Stykkishólmsbær voru sameinuð með kosningum í apríl á þessu ári.

Litla Lúðró spilaði *Hólmurinn*, *Big Big World*, *Erie Canal Capers*, *Kínverjinn* og *When the Saints*. Stóra Lúðró spilaði *Kvöldsigling*, *Circle of life* og *Tequila* og Víkingasveitin spilaði *Endurfundir*, *Happy* og *Pirates of the Caribbean*.

Kynnar voru Brynja Thorlacius og Hugrún María Hólmgeirsdóttir. Það var vel mætt á tónleikana og öllum fannst tími til kominn að lúðrasveitin héldi tónleika á Skildi.

18. maí – Heimsókn í leikskólann

Litla Lúðró heimsótti leikskólann kl. 09:45 og spilaði *Hólmurinn*, *Big Big World*, *Kínverjinn* og *Sultublús*. Nokkrir nemendur spiluðu síðan önnur lög inn á milli til að sýna hljóðfærin okkar.

3. júní – Þvottadagur

Föstudaginn 3. júní voru allir málmblásturs- og trommunemendur sem eru í lúðrasveit boðaðir á þvottadag. Mætingin var góð og kl. 13-15 voru lúðrar settir í bað. Síðan var farið í göngutúr og borðað ís áður en hljóðfærin voru þússuð, þurrkuð og sett saman aftur.

11. júní 2021 – Sjómannadagur

Skólahljómsveit Grafarvogs, fyrrverandi lúðrasveit Kristjóns, kom til Stykkishólms í vorferð um sjómannadagshelgina. Fjórir félagar úr Víkingasveitinni æfðu með gestunum á föstudag og spiluðu með þeim nokkur lög bæði á laugardag og sunnudag. Á laugardag var stutt skruðganga þar sem Stóra Lúðró spilaði fyrir utan dvalarheimilið áður en gengið var niður að höfn. Þar spilaði Skólahljómsveit Grafarvogs og Stóra Lúðró til skiptis. Á sunnudag var minnisathöfn við minnisvarðann um látna sjómenn þar sem Skólahljómsveit Grafarvogs ásamt félögum úr Víkingasveitinni spiluðu.

17. júní 2022 – Stóra Lúðró í skruðgöngu

Á þjóðhátíðardaginn var skruðganga niður Skólastíg í átt að höfninni, síðan upp Hafnargötu og Aðalgötu og inn í Hólmgarð. Stjórnandi var Martin (í fjarveru Anastasiu). Lögin sem voru spiluð: *Öxar við ána, Hafíð bláa hafíð, Á Sprengisandi og Prinsessumars.*

Aðeins 9 af 18 félögum tóku þátt í skruðgöngunni. Auk þess spilaði Heimir Jóhanns á trompet, Kristjón Daðason á barítónhorn og Martin á túbu.

Einnig hefur...

- Litla Lúðró æft frá 14:44 - 15:30 á hverjum miðvikudegi.
- Stóra Lúðró æft frá 16:44 - 17:30 á hverjum fimmtudegi.
- Víkingasveitin æft frá 17:45 – 18:30 á hverjum fimmtudegi.

Stykkishólmi, 21. júní 2022

Anastasia Kiakhidi og Martin Markvoll